



## SAMNINGUR MILLI FLUGFÉLAGS ÍSLANDS (FÍ) OG ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBANDS ÍSLANDS (ÍSÍ)

Gildir frá 1. ágúst 2014 til 1. október 2015

Íþróttafólk á vegum ÍSÍ, sérsambanda ÍSÍ, íþróttahéraða og einstakra íþróttafélaga, stjórnarmenn og starfsmenn ÍSÍ, sérstakra samstarfsaðila samþykktu af ÍSÍ og deilda innan vébanda ÍSÍ ferðist með Flugfélagi Íslands. Samningurinn gildir ekki fyrir fjölskyldur viðkomandi og ekki fyrir ferðalög íþróttafólks í einkaerindum.

Ef ákvæðum samningsins er ekki fylgt, geta báðir aðilar rift honum fyrirvaralaust og getur Flugfélag Íslands þá rift samningi gagnvart einstökum deildum innan ÍSÍ. Ef verulegar breytingar verða á gildandi verðlista þá getur Flugfélag Íslands þurft að breyta ÍSÍ fargjaldi. Allar verðbreytingar skal Flugfélag Íslands tilkynna ÍSÍ með mánaðar fyrirvara til ÍSÍ. Ef breyting verður á opinberum gjöldum eins og flugvallarsköttum að þá breytist ÍSÍ fargjald strax á samnings tímanum miðað við þær breytingar.

Gegn tilgreindum hlunnindum í samningi þessum hefur Flugfélag Íslands forgang við að flytja ÍSÍ-félaga innanlands. ÍSÍ beitir sér fyrir því við erlend íþróttasambönd að þau ferðist með Flugfélagi Íslands á leiðum þess. Ef aðildarfélög ÍSÍ þurfa að ferðast til til Færeyja og Grænlands með Flugfélagi Íslands að þá mun Flugfélag Íslands bjóða aðildarfélögum upp á hagstæð hópafargjöld til þessara landa.

Beiðni frá ÍSÍ verður að fylgja öllum farmiðabókunum í tengslum við þennan samning þ.e. flugmiði bókast eingöngu gegn beiðni frá ÍSÍ og verður beiðni frá ÍSÍ að berast Flugfélagi Íslands fyrir brottför. Öll viðskipti ÍSÍ samkvæmt samningi þessum fara fram hjá Flugfélags Íslands í Reykjavík svo og í afgreiðslum Flugfélags Íslands á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum.

### *Framlag ÍSÍ*

Samkvæmt samningi þessum skuldbindur ÍSÍ sig til að flytja a.m.k. 4.500 farþega (fram og tilbaka) með Flugfélagi Íslands á samningstímabilinu. ÍSÍ mun kynna innihald þessa samnings vel fyrir sínum aðildarfélögum.

Bóka þarf með minnst þriggja sólarhrings fyrirvara í gegnum tölvupóstfangið: [ferdatjonusta@flugfelag.is](mailto:ferdatjonusta@flugfelag.is) eða í gegnum síma 570 3150 alla virka daga frá 14:00 – 16:00.



#### Fargjöld

Öll meðfylgjandi fargjöld eru með flugvallarsköttum fyrir einnar leiðar flug með venjulegu áætlunarflugi Flugfélags Íslands og miðast við staðgreiðslu. Sér verð er frá Reykjavík og sér verð til Reykjavíkur vegna mismunandi flugvallarskatta. Takmarkað sætaframboð. Neðangreind fargjöld veita ekki vildarpunkta.

- Öll fargjöld skal greiða við bókun og aðeins má nota farseðilinn á skráð flug. Ef um hóp er að ræða skal hann ferðast saman.
- Einstaklingar og hópar verða að bóka ÍSÍ fargjald með lágmarki 3 virkra daga fyrirvara.
- Nafnalisti fyrir hópinn þarf að berast Flugfélagi Íslands minnst 48 klst. fyrir brottför. Ef nafnalisti berst ekki skv. settum fyrirvara áskilur Flugfélag Íslands sér rétt til að taka út bókun hópsins.
- Fargjald er endurgreiðanlegt að frádregnum kr. 2.000.- á hvern fluglegg, fyrir hvern farþega ef afbókað er lágmark 24 klst. fyrir brottfaratíma. Sé afbókað með minna en sólarhrings fyrirvara þá er ekki endurgreitt nema flugvallarskattar.
- Breytingar eru leyfðar gegn kr. 2.000.- breytingargjaldi á hvern fluglegg, fyrir hvern farþega. Einnig þarf að greiða mismun á fargjaldi ef einungis er laust á dýrara fargjaldi.
- Staðfestingargjald á hópa á hvert bókað sæti er kr.1.750.- á hvert flug (fram og tilbaka) fyrir hvern farþega og er óendurgreiðsluhæft.
- 20 kíló eru leyfilegur farangur/ 6 kíló handfarangur. Greiða þarf sérstaklega fyrir sértækan farangur eins og t.d.skiði og golfsett. Ef aðildarfélag ÍSÍ kemur með sértækan farangur í vöruafgreiðslu Flugfrakt Flugfélags Íslands 24 klst. fyrir brottför að þá veitir Flugfélag Íslands 50% afslátt af sértækum farangri.

#### Frávik frá almennum ÍSÍ fargjöldum

Ef bókanir sem ekki er hægt að staðfesta strax á samningsverði sem er hér að neðan í töflu býður Flugfélags Íslands upp á þrjár leiðir fyrir aðildarfélag ÍSÍ:

- ÍSÍ aðildarfélag getur fengið staðfestingu á hærra verði (svokallað ÍSÍ High fargjald) sem er u.þ.b. 35% afsláttur af fullu verði. Það eru fleiri flugsæti í boði á þessu fargjaldi heldur en venjulegur ÍSÍ fargjaldi þó þetta séu ekki síðustu sæti í hverri vél.
- ÍSÍ aðildarfélag getur beðið með að fá staðfestingu (bókun sett á biðlista) þar til 1-2 dögum fyrir brottför og þá haft samband aftur við hópadeild FÍ um mögulega staðfestingu. Við þessar aðstæður geta orðið breytingar á eftirspurn (afbókanir, breytingar á hópum, minni sala en gert var ráð fyrir o.fl.) sem geta leytt til breyttrar stöðu. FÍ hefur því möguleika að samþykkja samningsverð. Ekki þarf að greiða staðfestingargjald við biðlistabókun. Við staðfestingu bókunar er farið fram að staðgreiðslu heildarupphæðar (Staðfestingargjald þarf með talið)
- Til þess að auka enn frekar á sveigjanleikann og að tryggja að ÍSÍ aðildarfélag séuð alltaf að njóta afsláttarkjara jafnvel þó einungis síðustu sætin séu laus að þá er Flugfélag Íslands tilbúið að bjóða ÍSÍ, sérsamböndum og íþróttafélögum innan raða ÍSÍ upp á Flugkort með 20% afslátt af fullu verði ef bókað á Flugkortsfargjaldi (fullt verð) og borgað með Flugkorti. Flugkort er viðskiptakort Flugfélags Íslands og þau aðilarfélög ÍSÍ sem hafa nú þegar ekki Flugkort er bent á að sækja um Flugkort á heimasíðu FÍ (<http://www.flugfelag.is/upplýsingar/fyrirtækjathjonusta/flugkort>). Með notkun á Flugkorti að þá er hægt að kaupa síðustu sæti í hverri flugvél.

Til að tryggja að ofangreint ferli virki er mikilvægt að allar bókanir fari í gegnum hópadeild Flugfélags Íslands, [hopadeild@flugfelag.is](mailto:hopadeild@flugfelag.is)

Hámarksdvöl er einn mánuður, lágmarksdvöl er engin.



Óski aðilarfélag ÍSÍ eftir seinkun á áætlunarflugi og umfram seinkun yfir auglýstan opnunartíma flugvalla greiðist opnunargjald samkvæmt gildandi verðskrá ISAVIA, auk seinkunargjalds samkvæmt verðskrá Flugfélags Íslands

Verðlisti FÍ – seinkanir á brottför.

- 1 klst seinkun á vél allt að viku fyrir brottför kr. 30.000. Eru fyrirvarar um að þetta verðir framkvæmanlegt.
- Sé vika eða skemur í brottför er orðið við seinkun ef hægt er og er kostnaðurinn við 1 klst kr. 60.000,-
- Opnunargjaldi flugvalla samkvæmt gjaldskrá ISAVIA (sem er kr. 78.000 kr. pr. maí 2013 eftir kl:23 á kvöldin).

Ef ofangreind skilyrði eru ekki uppfyllt borgast venjulegt fargjald skv. verðskrá Flugfélags Íslands.

#### Fullorðinsfargjöld

	Fargjald	Skattur frá RKV	Samtals með sköttum frá RKV
Akureyri	9.320	2.500	11.820
Egilsstaðir	10.650	2.500	13.150
Ísafjörður	9.320	2.500	11.820
Vopnafjörður	14.050	2.500	16.550
Þórshöfn	14.050	2.500	16.550
Grimsey	12.480	2.500	14.980

	Fargjald	Skattur til RKV	Samtals með sköttum til RKV
Akureyri	9.320	1.800	11.120
Egilsstaðir	10.650	1.800	12.450
Ísafjörður	9.320	1.800	11.120
Vopnafjörður	14.050	1.800	15.850
Þórshöfn	14.050	1.800	15.850
Grimsey	12.480	1.800	14.280

#### Barnafargjöld

	Fargjald	Skattur frá RKV	Samtals með sköttum frá RKV
Akureyri	5.590	1.900	7.490
Egilsstaðir	6.390	1.900	8.290
Ísafjörður	5.590	1.900	7.490
Vopnafjörður	8.450	1.900	10.350
Þórshöfn	8.450	1.900	10.350
Grimsey	7.490	1.900	9.390



	Fargjald	Skattur til RKV	Samtals með sköttum til RKV
Akureyri	5.590	1.550	7.140
Egilsstaðir	6.390	1.550	7.940
Ísafjörður	5.590	1.550	7.140
Vopnafjörður	8.450	1.550	10.000
Þórshöfn	8.450	1.550	10.000
Grímsey	7.490	1.550	9.040

Barnafargjöld gilda fyrir börn yngri en 12 ára, sem fá 30% afslátt af fullu ÍSÍ fargjaldi.

*Samningsslit og endurnýjun*

Samningur þessi er uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Samningsaðilar eru sammála um að eigi sé átt saman til að meta fengna reynslu og leggja drög að endurnýjun samningsins.

Reykjavík, 1. ágúst 2014

Líney Rút Halldórsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

Árni Gunnarsson  
Framkvæmdastjóri  
Flugfélag Íslands